



Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn 3. des. kl. 9:00

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2015
2. Starfsmannamál
3. Önnur mál

Arnar setti fund. Mætt eru Katharina Schneider, Valgarð Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Katharina lagði fram drög að fjárhagsáætlun. Umræður urðu um hana. Framkvæmdastjóra falið að breyta fjárhagsáætlun í samræmi við umræður á fundinum. Tekjur eru áætlaðar kr. 24.500.000 og gjöld kr. 28.644.032. Rekstrarhalli er áætlaður kr. 4.144.032 sem tekinn er af eigin fé.
2. Ákveðið var að framlengja samninga við Jóhönnu Pálmadóttur og Erlu Gunnarsdóttur út árið 2015 á meðan Listamiðstöðin er að ná betri fótfestu. Þær eru báðar í 50% starfi hjá Þekkingarsetrinu. Ákveðið var að ræða við Háskólann á Hólum varðandi framlengingu á samningi vegna sérfræðings á sviði strandmenningar. Rætt var um þörf á ráðningu skrifstofustarfsmanns.
3. Arnar og Katharina skýrðu frá fundi sem þau áttu með fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins í nóvember. Gera þarf SVÓT greiningu fyrir ráðuneytið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

Þóra Sverrisdóttir